

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
b/t atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1835
komudagur 20.4.2012

Vestmannaeyjum 19. apríl 2012

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, þingmál nr. 657

Umsögn þessi varðar nýtt frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, þingmál nr. 657. Útvegsbændur í Vestmannaeyjum eru á einu máli um að lögfesting boðaðra breytinga í stjórn fiskveiða muni skaða sjávarútveginn stórlega og varanlega og veita þar með sjávarbyggðum landsins og atvinnulífi landsmanna þung högg.

Þetta er í samandregnu máli niðurstaða Útvegsbændafélags Vestmannaeyja (hér eftir nefnt ÚV) í þessari umsögn.

Almennar athugasemdir

Sjávarútvegurinn er nú sem fyrr ein mikilvægasta atvinnugrein landsins og skapar gríðarleg útflutningsverðmæti sem eru forsenda lífskjara sem Íslendingar hafa skapað sér á síðastliðinni öld. Ólíkt sjávarútvegi í fjölmörgum löndum, þ.m.t. löndum Evrópusambandsins, náðist góður rekstrarárangur í þessari atvinnugrein á Íslandi, þökk sé fyrst og fremst núverandi fiskveiðistjórnarkerfi.

Skipum hafði fjölgað gegndarlaust en þeim fór að fækka eftir að aflahlutdeildarkerfið kom til sögunnar. Framsal aflaheimilda stuðlaði að því að gera rekstrareiningar hagkvæmari og aukin tæknivæðing stuðlaði að sérhæfingu.

Staðreynd er að víða um veröld er litið öfundaraugum til Íslands vegna fiskveiðistjórnarkerfisins og margir vilja nýta sér reynsluna af þessu fyrirkomulagi til að koma skikki á eigin sjávarútveg. Óskiljanlegt er því með öllu að ríkisstjórn Íslands kappkosti að kollvarpa kerfinu og innleiða í staðinn stóran leigumarkað og pottakerfi til að úthluta aflaheimildum eftir pólitískum leikreglum með tilheyrandi óhagræði og hættu á spillingu!

8. grein, VI kafli og ákvæði til bráðabirgða nr. II

Skerðing á úthlutun

Samkvæmt 8. grein frumvarpsins og ákvæði til bráðabirgða nr. II færast tiltekin hlutföll af núverandi aflaheimildum allra tegunda í flokk 2 strax við upphaf næsta fiskveiðiárs. Ef ákveðinni heildarúthlutun í þorski, ýsu, ufsa og steinbít er náð munu 40% aukningarinnar, umfram það viðmið, renna í flokk 2.

Á undanförnum árum hefur ríkið tekið til sín talsverðan hluta af þeim aflaheimildum sem úthlutað hefur verið. Með þessum nýju ákvæðum ætlar ríkisvaldið að verða enn stórtækara og taka umtalsvert meira til sín. Það mun hafa bein áhrif á starfsfólk, bæði í sjávarútvegi og afleiddri starfsemi. Nýting skipa og framleiðslutækja verður verri og stuðlar þannig til offjárfestingu í greininni.

Flestir þeir sem í greininni eru hafa fjárfest í aflaheimildum á undanförnum árum og hafa mátt þola mikla skerðingu aflaheimilda. Þær byrðar hafa þeir tekið á sig í von um betri tíð og að þeir fái skerðinguna bættu þegar ástand fiskstofna leyfi. Annað kemur nú á daginn. Með þessu frumvarpi á stór hluti aukningarinnar að renna annað og útgerðirnar sitja eftir með skuldarnar!

Kvótapiing

ÚV telur að leiga á kvótapiingi muni hafa áhrif á hugsunarhátt útvegsmanna. Langtímahugsun mun vikja fyrir skammtímahugsun. Vissa um hráefnisöflun hvetur menn til að huga betur að sölu- og markaðsmálum til lengri tíma litið og að leita að hagkvæmum fjárfestingarkostum og að þjálfun starfsfólks.

Í frumvarpinu er ákvæðið um kvótapiing mjög óljóst og engan veginn búið að skýra hverjar leikreglurnar munu verða. Ljóst er að útgerðir þurfa að hugsa starfsemi sína alveg upp á nýtt verði frumvarpið að lögum og algjörlega óvíst að grundvöllur sé fyrir rekstri margra útgerða í sömu mynd og er í dag.

Þá er líklegt að engin framlegð verði af veiðum úr leiguhlutanum þar sem útgerðarmenn munu bjóða jaðarverð í leigukvótann. Það mun draga enn frekar úr fjárfestingu sem aftur dregur úr hagkvæmni veiðanna.

Ýmsir fræðimenn hafa dásamað þessa leiguleið þar sem hún samræmist hagfræðikenningum sem þeir hafa tileinkað sér og hljóma bærilega í orðræðu dagsins. Þessa sömu fræðimenn skortir á hinn bóginn þekkingu á rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og þeir átta sig því ekki á samhengi hlutanna eða horfa beinlínis fram hjá því. Hér vísar ÚV í niðurstöðu svokallaðrar sáttarnefndar sjávarútvegsráðherra en þar var leiguleiðinni hafnað og skiptir ekki máli hvort sú slæma hugmynd sé virkjuð fyrir allar aflaheimildir eða eingöngu hluta þeirra.

Strandveiði

ÚV er sammála þeim hagfræðingum sem hafa bent á að strandveiðarnar eru óhagkvæmt kerfi, m.a. vegna þess að þær byggjast á sóknarkerfi sem á sér hliðstæðu í Færeyjum og Kanada og hefur sýnt sig að stuðlar að óhagræðingu þar sem bátum fjölgar og nýting þeirra versnar.

Undir þetta taka flestir fagaðilar sem fjallað hafa um málið. Meðal annars er eftirfarandi umsögn¹ að finna í greinargerð um hagræn áhrif af eldri frumvörpum til laga um stjórn fiskveiða:

„Strandveiðarnar leiða til kapphlaups um afla sem hækkar sóknarkostnað, lækkar verðmæti afla og hvetja til brottkasts meðafla.“

ÚV tekur undir með sérfræðihóp ráðherra þegar hann biður stjórnvöld um að vera meðvituð um þessa hættu og þann kostnað sem slíkum veiðum fylgir.

¹ Skjal „Greinargerð um hagræn áhrif af frumvarpi til nýrra laga um stjórn fiskveiða samkvæmt þingskjali 1475“ frá 14. júní 2011. Blaðsíða 8.

Um aðrar frumvarpsgreinar

9. gr. frumvarpsins er opin og óljós og gefur útgerðaraðilum enga vísbendingu um hvernig útgerðin á að haga rekstri sínum til að eiga von um að fá tiltekna aflahlutdeild þegar ráðherra úthlutar eftir öðru en veiðireynslu. Greinin er því meiriháttar breyting á sambærilegu ákvæði núverandi laga. Ráðherra hefur samkvæmt frumvarpinu geðþóttavald þegar aflaheimildum fyrir nýjar kvótabundnar tegundir er úthlutað. Þetta mun draga úr áhuga útgerðaraðila til að fjárfesta í búnaði og til að veiða tegundir sem ekki eru kvótasettar. Það sannaðist rækilega við úthlutun makrils síðasta sumar að ákvarðanir ráðherra ollu óþarfa kostnaði fyrir margar útgerðir sem þurftu t.d. að senda á veiðar skip til að sækja þau örfáu tonn sem þeim var úthlutað í stað þess að geta framselt aflamarkið á önnur skip.

Í 11. gr. er nýmæli um leyfi til að nýta aflahlutdeild. Nýtingarleyfi þetta er ígildi samkomulags, eins og fram kemur í ákvæðinu, *milli ríkisins og handhafa leyfis um handhöfn þeirra hlutdeilda sem leyfinu fylgja til afmarkaðs tíma*. ÚV sér ekki að nein trygging felist í því að vera handhafi nýtingarleyfis að öðru leyti en því að aflahlutdeild útgerðar í flokki 1 getur ekki breyst. Hins vegar gæti ráðherra ákveðið strax á fyrstu árum nýtingarleyfisins að hlutfallslega meiri aflaheimildir fari úr flokki 1 í flokk 2 en ákveðið var í byrjun og því minnki það aflamagn sem upphaflegt leyfi kvað á um. Allt tal um starfsöryggi greinarinnar til 15 ára er því marklaust.

12. gr. fjallar um takmarkanir við framsali aflahlutdeildar og telur ÚV þetta til óþurftar. Framsal aflahlutdeilda dró úr sóun fjármuna og vinnuafls í greininni en takmarkanir við framsali munu auka þessa sóun á nýjan leik. 3% skattlagning við sölu aflaheimilda dregur úr þessari hagræðingu. Í sömu grein er sett hámark á framsal aflahlutdeildar. Samkvæmt hámarkinu má ekki framselja þann hluta sem er til kominn vegna aukinnar úthlutunar. Nauðsynlegt er að sjávarútvegsráðherra útskýri þetta betur en gert er í athugasemdum með frumvarpinu. Hvers vegna er ráðherra á móti framsali aflahlutdeildar?

Í 15. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir hömlum á framsali aflaheimilda milli fiskiskipa. Umtalsverðar hömlur eru settar á framsalið sem mun hafa augljós neikvæð áhrif á hagkvæmni og skipulag veiða. Er hér um að ræða meiriháttar breytingu frá núgildandi lögum. Slík lagagrein getur haft töluverð áhrif á leigumarkað með

aflaheimildir sem fjölmargar útgerðir eru háðar. Ekki er að finna rökstuðning fyrir boðaðri breytingu í athugasemdum.

Samkvæmt 29. grein getur ráðherra ákveðið hlutfall uppsjávarfisks sem er unninn til manneldis; hámarkið er aukið úr 70% í 80%. Óskiljanlegt er að ráðherra skuli taka ráðin af útgerðarmönnum um hvernig best sé að hámarka aflaverðmæti! Um þetta ákvæði frumvarpsins segir meðal annars í athugasemdum við frumvarpsgreinina:

„Til þess er m.a. að líta að ákveðnar uppsjávarfisktegundir er eðlilegt að nýta fyrst og fremst til manneldis.“

ÚV vísar því á bug að ráðherra blandi sér á þennan hátt í rekstur sjávarútvegsfyrirtækja og spyr hvort ráðuneytið muni vera skaðabótaskyldt ef rekstrarniðurstaða fyrirtækjanna verði lakari vegna inngripa með áformuðum lögum.

Áhrif á Vestmannaeyjar

Núverandi ríkisstjórn hefur með fyrri lögum um stjórn fiskveiða skert aflaheimildir útgerða í Vestmannaeyjum um rúm 3.000 þorskígildistonn og munu um 3.500 þorskígildistonn fara úr bænum við næstu úthlutun². Sú vinstri stjórn sem nú ríkir er sá aðili sem hefur verið stórtækastur við að flytja aflaheimildir frá bænum frá upphafi aflamarkskerfisins. Hinum skertu aflaheimildum verður úthlutað af ráðherra, m.a. í byggðapotta, strandveiðipotta og línuívilnunarþott en gera má ráð fyrir að lítið sem ekkert af þessum þottum verði veitt frá Vestmannaeyjum og er það í samræmi við reynslu útgerðarmanna.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir því að lítið sem ekkert verði leigt úr leigupotti ráðherra af félagsmönnum ÚV því hagnaður af þeim veiðum er enginn. Þar fyrir utan er útgerðarmynstur félagsmanna ÚV þannig að þeir geta ekki nýtt sér línuívilnun og eru bundnir af kjarasamningum. Því eru þeir ekki samkeppnisfærir á leigumarkaði.

ÚV áætla að um 80 störf við sjávarútveg í Vestmannaeyjum hafi eða muni glatast við ákvarðanir stjórnvalda. Vestmannaeyjar eru ein stærsta verstöð landsins og bæjarfélagið á nær allt sitt undir

² M.v. 20 ára meðaltal aflamarks.

sjávarútvegi. Þessi grunnatvinnuvegur byggðarlagsins skapar fjölmörg afleidd störf í þjónustu, verslun, samgöngum og opinbera geiranum, svo nokkuð sé nefnt. Fjöldi afleiddra starfa er mismunandi eftir sveitarfélögum en grunnatvinnuvegir Vestmannaeyja eru sjávarútvegur og ferðaþjónusta.

Af rúmlega 1.800 störfum í Vestmannaeyjum eru um 700 störf tengd fiskveiðum og fiskvinnslu. Varlega áætlað stendur sjávarútvegurinn undir 75-85% af beinum og afleiddum störfum Eyjanna eða alls 1.350-1.550 störfum. Þegar allt er meðtalið má því ætla að um 180 störf tapist í Vestmannaeyjum.

Núverandi stjórnvöld hafa með breytingum á fiskveiðistjórnarkerfinu valdið því að 100 fjölskyldur í Vestmannaeyjum hafa eða munu glata lífsviðurværinu og það telst meiriháttar högg af mannavöldum fyrir þetta samfélag.

Augljóst er að stjórnvöld gera hér aðför að atvinnulífinu í Vestmannaeyjum og þar með sjálfri byggðinni hér.

Óvissan um framtíð sjávarútvegsins og fyrirtækja, sem í greininni starfa, er mikil og skaðleg. Staða mála er með miklum ólíkindum og raunar er nærtækt að álykta sem svo að stjórnvöldum sé beinlínis í nöp við þessa atvinnugrein sem öðrum framar hefur haldið þjóðfélaginu gangandi eftir fall bankakerfisins.

ÚV mælist einlæglega til þess að frumvörpin verði lögð til hliðar í eitt skipti fyrir öll og að sjávarútveginum verði gefinn vinnufriður og þar með tækifæri til að halda áfram að vaxa og dafna með eðlilegum hætti, þjóðarbúinu til heilla.

f.h. Útvegsbændafélag Vestmannaeyja,

Hafdis Snorráð
Hafdis Snorráðottir
framkvæmdastjóri.